



FÉLAG
SJÚKRAHÚSLÆKNA

Aðalfundur FSL

27. maí 2021

Ályktun um úrbætur á réttarstöðu heilbrigðisstarfsfólks

Eftir alvarlegt atvik á Landspítalanum árið 2012 var heilbrigðisstarfsmaður í fyrsta skipti á Íslandi ákærður fyrir andlát sjúklings. Umræddur starfsmaður var á endanum sýknaður, en afleiðingar þessarar ákæru hafa enn í dag áhrif á daglegt líf starfsmanna á Landspítalanum. Í kjölfar málsins var stofnaður starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins til að stuðla að úrbótum í málum sem þessum innan heilbrigðiskerfisins.

Starfshópur heilbrigðisráðuneytisins skilaði sínum tillögum árið 2015 en í þeim var óskað eftir umtalsverðum úrbótum á þessum málaflokki. Í dag, sex árum síðar, hafa engar úrbætur orðið á réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna.

Slíkur seinagangur í stjórnkerfinu er algjörlega óásættanlegur.

Það er krafa Félags sjúkrahúslækna að strax verði gengið í nauðsynlegar úrbætur til að tryggja hraða og eðlilega málsmeðferð í kjölfar alvarlega atvika innan heilbrigðiskerfisins og að réttarstaða heilbrigðisstarfsfólks verði skýrð.

Í jafnmikilvægu málaflokki sem þessum, er varðar bæði öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks, væntir Félags sjúkrahúslækna þess að umræddar úrbætur verði endanlega tilbúnar í byrjun sumars 2022, en þá verða liðin tæplega tíu ár frá umræddu atviki.

Félag sjúkrahúslækna býður fram krafta sína í þessu máli sem öðrum er varða líf og heilsu allra heilbrigðisstarfsmanna á Íslandi.